

Námsáætlun fyrir íslensku - 10. bekkur

skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Særún Rósa Ástþórsdóttir

Tímafjöldi: 5 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skapaðu og skrifaðu Ritun og skapandi skrif Hvað finnst þér um það? Ritun og framsögn	Nemandi geti Samið fjölbreytta texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft. Að meta og endurbæta texta út frá gagnrýni og hjálpargögnum. Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. Beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og notað til þess reglur um rétttritun og önnur hjálpartæki. Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum. Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi. Áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt	Ritun unnin undir leiðsögn og leiðbeiningum kennara. Lögð áhersla á meginreglur ritunar og ritunarramma MMS. Val um verkefni og viðfangsefni í ritun. Um rökfærsluritun, einkenni og uppsetning Umræður í hópum Nemendur afla sér upplýsinga um viðfangsefnið, skrifa rökfærsluritun undir leiðsögn kennara Þjálfun og undirbúningur í framsögn og tjáningu	Ritunaræfingar, stuttar og langar æfingar um fjölbreytt efni. Skapandi skrif – saga skrifuð út frá kveikjum. Fernuflug MS. Stuttar æfingar í framsögn úr bókinni Neistar Ritunarverkefni rökfærsluritun Framsögn – rökfærsluritun upplestur

	mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti. Aflað áreiðanlegra upplýsinga og heimilda um ákveðið efni og sagt frá með eigin orðum.		
Hvað skiptir mestu máli í texta? Lestur og lesskilningur	Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnt mat á inntak þeirra og eiginleika.	Lesskilningur efldur með markvissum æfingum. Finna áherslur, kjarna og aðalatriði í texta. Unnið með ýmsar lestraraðferðir; lesið á milli lína (bakgrunnsþekking og ályktun), að kasta og segja frá (fræðilegur texti) Lesnir fjölbreyttir textar og unnið með innihald og efni.	Verkefni úr bókinni Útbrot Textar úr bókunum Með fjarðabliki, Kveikjur og Neistar
Bók í hönd ... Bókmenntir, lestur og orðaforði	Lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir. Beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllum um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum. Haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum. Beitt ríkulegum orðaforða, fyrir þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar leiðir til að efla orðaforða sinn.	Bókin Akam, ég og Annika lesin í íslensku og Bræðing. Umræður og verkefnavinna.	Orðaforði í yndislestri, valin orð sett upp á orðaspjald og ýmsum upplýsingum safnað Verkefni unnin úr bókinni Akam, ég og Annika

	Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt. Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi		
Af hverju er þetta svona? Mál og málnotkun	Nemandi geti Beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun. Nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.	Áhersla verður lögð á einkenni og hlutverk orðflokka og málnotkun.	Verkefni og málfræðikannanir.
Námsgögn: Akam, ég og Annika, valdar æfingar og textar úr bókunum Neistar, Með fjaðrabliki, Námsfni um ritun unnið upp úr Ritunarvefnum (MMS), ritunaræfingar			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D.			